

Ed.

62. Frumvarp til laga

[57. mál]

um breyting á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 90. löggjafarþingi, 1969.)

1. gr.

C. liður 4. gr. falli niður. D. liður greinarinnar verði C. liður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs 1969 og 1970.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 5/1968 um ráðstafanir til lækkunar ríkisútgjalda var ákveðið að fella niður beint framlag úr ríkissjóði til Fiskveiðasjóðs á því ári. Þetta var talið unnt með tilliti til þess, að með lögum nr. 58/1968 um stofnfjár sjóð fiskiskipa var ákveðið að verja 124 millj. kr. úr ríkissjóði sem stofnfjárframlagi til sjóðsins, en slíkt hefði að öðru óbreyttu átt að bæta mjög innheimtuaðstöðu Fiskveiðasjóðs og minnka fjárþörf sjóðsins að öðru leyti. Eins og kunnugt er, breyttust forsendur um afkomu sjávarútvegsins á árinu 1968 hins vegar mjög verulega, og leiddi það til þess, að grípa varð til sérstakra efnahagsráðstafana til að styrkja grundvöll sjávarútvegs. Liður í þeim ráðstöfunum var að efla stofnfjár sjóð fiskiskipa, sbr. I. kafla laga nr. 79/1968 um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Af þessum ástæðum og vegna annarra ráðstafana, sem gerðar hafa verið til að skapa sjávarútvegi traustari afkomugrundvöll, var ákveðið að fella niður fjárveitingu til Fiskveiðasjóðs Íslands í fjárlögum ársins 1969. Frumvarp um breytingu á lögum sjóðsins þessu til staðfestingar var lagt fyrir síðasta Alþingi, en náði ekki fram að ganga á því þingi, og er frumvarpið því lagt fram að nýju, þar sem gert er ráð fyrir, að framlag ríkissjóðs falli niður árin 1969 og 1970. Er í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1970 gert ráð fyrir þessari ráðstöfun.

Auk framangreindra ráðstafana til styrktar sjávarútvegi, sem óbeint koma Fiskveiðasjóði til góða, olli gengisbreytingin í nóvember s. l. verulegri hækkun á útflutningsgjaldi, sem er mikilvægur tekjustofn sjóðsins. Má gera ráð fyrir því á grundvelli útflutningsspár Efnahagsstofnunarinnar fyrir árið 1969, að tekjur sjóðsins af útflutningsgjaldi muni aukast um 16.5 millj. kr. á því ári frá því sem ella hefði orðið.

Fyrirsjáanlegt er, að greiðslubyrði sjóðsins á næsta ári verður mikil vegna greiðslu erlendra lána vegna skipasmíða undanfarinna ára og einnig vegna fyrirhugaðra lánveitinga til skipasmíða innanlands á því ári. Til þess að gera sjóðnum kleift að standa við eðlilegar skuldbindingar á árinu 1970 verður honum því aflað fjármagns eftir öðrum leiðum, en það er svo til athugunar, á hvern hátt Fiskveiðasjóði verður framvegis séð fyrir viðhlítandi fjármagni til að mæta þeim auknu kröfum um lánveitingar til sjávarútvegsins, sem fyrirsjáanlegar eru á næstu árum.